

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Hrísey, nr. 9 9. janúar 1973.

1. gr.

26. grein orðist þannig:

Gjöld til hafnarsjóðs skulu innheimt samkvæmt gjaldskrá, er hafnarstjórn semur og samgönguráðuneytið staðfestir.

2. gr.

Greinar nr. 26—47 falla niður og breytist röð eftirfarandi greina í samræmi við það.

3. gr.

1. setning 2. málsgreinar 48. greinar, sem verður 27. grein, orðist þannig: Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur, má ákveða þær af tveimur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 25. apríl 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

GJALDSKRÁ

fyrir hafnarsjóð Hríseyjar.

I. KAFLI

Um hafnargjöld í Hríseyjarhöfn.

1. gr.

Öll skip eða fleytur, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinna, þó með þeim undantekningum, er síðar greinir.

Öll gjöld til hafnarinnar greiðast af brúttó-stærð skipanna, eins og hún er mest, skv. mælibréfi skips. Hálf rúmlest telst sem heil en minni hluta er sleppt. Undanþegin lesta- og bryggjugjaldi eru herskip, íslensk vitaskip og varðskip.

Lestagjöld.**2. gr.**

- a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmlestir skulu greiða lestagjald, kr. 6.00 á brúttórúmlest.
- b. Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 3.00 á brúttórúmlest.
- c. Innland fiskiskip undir 400 brúttórúmlestum greiði kr. 6.00 á brúttórúmlest, þó ekki oftast en tvisvar í mánuði.